

# Fundur svæðisráðs Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

## Húsavík 15. desember 2015

**Mættir 14.00:** Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir frá umhverfisverndarsamtökum, Óli Halldórsson frá Norðurþingi, Böðvar Pétursson frá Skútustaðahrepp, Grétar Ingvarsson frá samtökum útivistarfélaganna og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins: Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri VÞJ og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir hálendisfulltrúi. Ásvaldur Þormóðsson frá Þingeyjarsveit og Arnheiður Jóhannsdóttir frá ferðamálsamtökum boðuðu forföll.

### DAGSKRÁ:

1. Rekstraráætlun Þórður Ólafsson verður gestur fundarins undir þessum lið
2. Bréf til þingmanna vegna fjárlaga
3. Deiliskipulag Ásbyrgi og Vikraborgum, staða
4. Samstarf við ferðafélög og/eða tengda aðila innan þjóðgarðs
5. Erindi frá Heimöx
6. Breytingar á lögum um VÞJ (sjá síðustu fundargerð)
7. Önnur mál

### 1. Rekstraráætlun

Svæðisráð samþykkir framlagða rekstraráætlun á þeim forsendum sem fyrir liggja.

Á nærsvæði Gljúfrastofu háttar þannig til að innviðir til þjónustu við gesti/ferðamenn eru veikir, s.s. varðandi salernisaðstöðu, upplýsingagjöf, verslun og afþreyingu. Ennfremur er fyrir séð veruleg aukning á fjölda ferðamanna á svæðinu með bættum vegasamgöngum í næstu framtíð. Svæðisráð Norðursvæðis tekur undir bókun stjórnar um opnun gestastofa þjóðgarðsins allt árið. Svæðisráð beinir því til stjórnar að þegar verði hafin vinna við útfærslu og fjármögnun varanlegrar heilsársþjónustu í gestastofum þjóðgarðsins. Fram að því verði strax á árinu 2016 byrjað með heilsársopnun alla daga í Gljúfrastofu frá páskum.

### 2. Bréf til þingmanna

Óli og Hjörleifur greindu frá aðdraganda og sendingu bréfs frá svæðisráðsformönnum austur-, vestur- og norðursvæðis til þingmanna suður- og norðausturkjördæmis. Í bréfinu fólst beiðni um aukið fjármagn á fjárlögum til að efla upplýsingaveitur þjóðgarðsins, sérstaklega í gestastofum þjóðgarðsins.

### 3. Deiliskipulag Ásbyrgi og Vikraborgir

Hjörleifur fór yfir stöðu deiliskipulagsgerðar við Vikraborgir og í Ásbyrgi. Skipulaglýsing fyrir Ásbyrgi hefur verið móttækin af viðkomandi sveitarfélögum (Skútustaðahrepp og Norðurþingi). Svæðisráð lýsti sig sammála þeim grunnáherslum starfsmanna þjóðgarðsins um að skipulag í

Vikraborgum skyldi stuðla að lágmarks áhrifum á næsta umhverfi Vikraborga, þótt gert verði ráð fyrir að bílastæði yrði stækkað og nýtt „þurr“-salerni og gestaskjól rísi. Vinna við útfærslu á skipulagi í Ásbyrgi hefur gengið hægar en von var á. Samþykkt að 20. janúar skuli liggja fyrir tillaga frá skipulagshöfundum sem svæðisráð getur tekið afstöðu til.

#### **4. Samstarf við ferðafélög og tengda aðila innan þjóðgarðs**

Óli greindi frá heimsókn forsvarsmanna ferðafélags Húsavíkur til sín. Samskipti þjóðgarðs og hagsmunaaðila voru rædd á almennu nóttunum. Samþykkt að reyna að efla samskipti og upplýsingaflæði milli þjóðgarðs og tengdra aðila. Fulltrúi útivistarfélaga í svæðisráði (Grétar Ingvarsson) lýsti sig reiðubúinn til að mæta á fundi með starfsmönnum þjóðgarðs og hagsmunaaðilum þegar það ætti við og var það samþykkt.

#### **Fundi var slitið 16.30**

Ekki tókst að afgreiða mál 5,6 og7 og bíða þau næsta fundar.